

97
3. maí

L Ö G

um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal ríkisstjórnin setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofnun í þarfir atvinnuveganna, og nefnist hún Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands.

2. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands skal skipt í þrjár deildir, og nefnast þær fiskideild, iðnaðardeild og búnaðardeild.

3. gr.

Fiskideildin skal hafa með höndum rannsóknir á sildar- og fiskigöngum, svif- og áturannsóknir og almennar haf- og vatnarannsóknir, að því leyti, sem þær teljast við koma fiskiveiðum landsmanna, og aðrar fiskirannsóknir, er atvinnumálaráðherra kveður á um.

Við deild þessa skal starfa einn fiskifræðingur.

4. gr.

Iðnaðardeildin skal hafa með höndum efnagreiningar fyrir allar deildir Rannsóknarstofnunarinnar, rannsóknir á matvælum og öðrum vörum, sem seldar eru á innlendum markaði, og á vörum, sem seldar eru úr landi, gerlarannsóknir og fjörvirannsóknir fyrir og í samvinnu við allar deildir stofnunarinnar, náma- og jarðfræðirannsóknir og fiskiðnaðarrannsóknir.

Við deild þessa skulu starfa fimm fræðimenn í fræðigreinum þeim, er að ofan getur.

5. gr.

Búnaðardeildin skal hafa með höndum jarðvegsrannsóknir með sérstakri hliðsjón af almennri jarðrækt, garðrækt, skógrækt og áburðarþörf jarðvegsins, jurtarannsóknir og jurtasjúkdómarannsóknir, búfjársjúkdómarannsóknir og rannsóknir á kynbótum búfjár.

Við deild þessa skulu starfa þrír fræðimenn í fræðigreinum þeim, sem að ofan getur.

6. gr.

97

3. maí

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands er skylt að framkvæma rannsóknir fyrir atvinnurekstur landsmanna eftir því, sem hún fær því við komið, gegn þóknun samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Þó getur atvinnumálaráðherra ákveðið, að stofnunin skuli framkvæma rannsóknir endurgjalds-laust fyrir ríkið eða stofnanir, sem starfa í nánu sambandi við það.

7. gr.

Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands er heimilt að láta úti og selja hverskonar lyf, er hún vinnur sjálf eða útvegar frá öðrum rannsóknarstofnunum, samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Ágóði af slíkri framleiðslu eða verzlun rennur til stofnunarinnar. Enginn starfsmaður stofnunarinnar má taka ágóðahluta af slíkri framleiðslu eða verzlun.

Rannsóknarstofnunin skal fylgja sömu reglum og lyfsalar um útlát eitreaðra og hættulegra lyfja, til tryggingar því, að hætta stafi ekki af.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra felur einum af starfsmönnum hversrar deildar Rannsóknarstofnunarinnar deildarstjórn til fimm ára í senn, og skal einn þeirra ráðinn forstjóri stofnunarinnar til sama tíma. Forstjóri skal hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar og samræma, í samráði við hina deildarstjórnana, störf deildanna á þann hátt, sem fyrir verður mælt í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Forstjóri hefir 1000 kr. í aukabókun á ári hverju fyrir verk sitt. Leita skal álits viðkomandi deildarstjóra, er nýir starfsmenn eru ráðnir til stofnunarinnar.

9. gr.

Nú skipar atvinnumálaráðherra eigi alla starfsmenn, sem ræðir um í 3.—5. gr., um leið og Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands tekur til starfa, og er honum þá heimilt að ráða fyrst um sinn menn til þess að gegna störfum til ákveðins tíma, að fengnum tillögum deildarstjóra.

Nú hafa þeir menn, sem ráðnir eru samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, önnur störf með höndum samhliða, og skulu þá laun þeirra vera lægri en hinna, er fullt starf hafa við stofnunina.

10. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, skólustjórum og kennurum búnaðarskólanna og öðrum starfsmönnum stofnana ríkisins eða þeirra, er styrks njóta frá ríkinu, skal skylt að láta stofnuninni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því, sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt. Heimilt er atvinnumálaráðherra að greiða fyrir slíka aðstoð samkvæmt reglugerð, er hann kann að setja.

97

3. maí

11. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, í samráði við Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands, falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfé, með því markmiði, sem Rannsóknarstofnunin starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fara fram tilraunir á peningi bóa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

12. gr.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar, sem rætt er um í 3.—5. gr., taka laun sín samkvæmt launalögum, en þar til þau verða þar ákveðin, skulu þau ákveðin af atvinnumálaráðherra. Atvinnumálaráðherra ákveður, í samráði við Rannsóknarstofnunina, hversu margt starfsfólk skuli við hana starfa og hver laun þess skuli vera.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna nefnd, er séu fulltrúar atvinnuveganna og ríkisstjórnarinnar.

Atvinnumálaráðherra skipar nefndina á þann hátt, að landlæknir skal vera einn nefndarmaður, og er hann formaður, einn skal skipaður eftir tillögu Fiskifélags Íslands, einn eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Landsambands iðnaðarmanna, og einn eftir tillögum Dýralæknafélags Íslands.

Nefndin skal svo oft sem þörf krefur, og ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári, halda fundi með deildarstjórum Rannsóknarstofnunarinnar, og skal á þeim taka ákvarðanir um, hver aðalrannsóknarefni rannsóknarstofan taki til meðferðar á hverjum tíma, skýra frá niðurstöðum fyrri rannsókna og ákveða hvernig þær skulu birtar almenningi, svo hann hafi þeirra sem bezt not.

14. gr.

Þegar því verður við komið, að dómi Rannsóknarstofnunarinnar, háskólaráðs og atvinnumálaráðherra, skal tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, og skyldum námsgreinum. Skal þá lögð sérstök áhersla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda, með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar skulu, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga, stunda kennslu við háskólann án sérstakrar borgunar. Verklegar æfingar, sem nemendur háskólans framkvæma samhliða kennslunni, skulu framkvæmdar í rannsóknarstofnunni, eftir því sem við á og hentugt þykir, og skulu starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar aðstoða við þær án sérstakrar borgunar, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Kennarar Rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennu fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans.

15. gr.

97

3. maí

Til Rannsóknarstofnunarinnar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til rikissjóðs í 10 ár sem einkaleyfisgjald fyrir Happraætti Háskóla Íslands samkvæmt e-lið 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happraættis fyrir Ísland.

Rannsóknarstofnunin tekur til starfa þegar Háskóli Íslands hefir séð henni fyrir húsnæði, enda greiði Rannsóknarstofnunin til háskólans helminginn af því fé, er henni ber samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, upp í byggingarkostnað.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, og efnarannsóknarstofan lögð niður.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

98

3. maí

um virkjun Fjótaár.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.